

## Bættar aðstæður utangarðsfólks - Ítarefni og tölulegar upplýsingar

Fjöldi þeirra sem eru utangarðs og/eða heimilislausir á Íslandi fer vaxandi. Alls voru 121 einstaklingar utangarðs og/eða heimilislausir árið 2009, en 179 árið 2012 skv. upplýsingum Reykjavíkurborgar. Nýjustu upplýsingar frá júní 2017 sýna að 349 einstaklingar eru skráðir sem utangarðs skv. skýrslu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar *Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík*.

Þar segir að af þeim 349 voru 58 einstaklingar búandi í langtímabúsetuúrræðum. Utangarðsfólk er flest af íslenskum uppruna, eða 86,5%. Sex af hundraði eru Pólverjar og 5,3% frá tólf öðrum löndum.

Flestir sem skilgreinast utangarðs í borgarsamfélaginu eru á aldrinum 21–40 ára, eða tæpur helmingur og fæstir voru í yngstu og elstu aldurshópunum, eða tvö prósent á aldrinum 18–20 ára og sjö prósent 61–80 ára.

Áfengisvandi og misnotkun annarra vímuefna voru talin helsta orsök þess að einstaklingar lendi utangarðs en næstalgengasta orsökkin eru geðræn vandamál. 80% þeirra 142 utangarðsmanna sem eru með geðrænan vanda glíma einnig við áfengis- og vímuefnavanda.

Flestir neyta áfengis- og annarra vímuefna að staðaldri, eða 62% þeirra en 23% einstaklinganna voru hættir neyslu. Hlutfall karla og kvenna er jafnt hvað varðar neyslu áfengis og annarra vímuefna að staðaldri. Einnig er það nokkuð jafnt hlutfall milli kynja þegar kemur að neyslu annarra vímuefna en áfengis. Karlar sem neyta eingöngu áfengis eru hlutfallslega fleiri en konur og hlutfallslega fleiri karlar hafa hætt neyslu.

153 einstaklingar voru sagðir búa við ótryggar aðstæður 118 voru sagðir gista í gistiskýli og 76 einstaklingar voru sagðir hafast við á götunni að einhverju leyti. 97 einstaklingar voru að ljúka stofnanavist og 58 einstaklingar voru skráðir í langtímabúsetuúrræði. Hlutfallslega fleiri konur voru sagðar búa á götunni, í gistiskýli og við ótryggar aðstæður en karlar. Hlutfallslega fleiri karlmenn voru að ljúka stofnanavist eða bj

Flestir höfðu verið utangarðs og/eða heimilislausir lengur en í 2 ár, eða 39%, og lækkar í 33% ef þeir einstaklingar sem búa í langtímabúsetuúrræðum eru ekki taldir með. Ef lengd heimilisleysis er skoðuð eftir kyni kemur í ljós að hlutfall kvenna og karla er nokkuð jafnt nema þegar kom að heimilisleysi í 2 ár eða lengur, þá var hlutfall karla 44% en kvenna 31%.

Flestir þátttakendur sögðu utangarðsfólk leita til velferðarsviðs Reykjavíkur, Landspítalans, SÁÁ, AA-samtakanna og Rauða kross Íslands. Einnig nefndu þátttakendur stofnanir og félagasamtök á borð við Samhjálp, Virk starfsendurhæfingu, Reglu Móður Theresu, VR teymið, Fjölskylduhjálpinna, Draumasetrið – áfangahemili, Krýsuvíkursamtökin, heilsugæsluna, Hjálpraðisherinn, og Vernd – fangahjálp.

### Húsnæðismál

Varðandi langtímaáherslur í húsnæðismálum utangarðsfólks bendum við á þann árangur sem Finnar hafa náð (Action Plan for Preventing Homelessness in Finland 2016–2019). Finnland er eina land Evrópu þar sem fjöldi heimilislausra fer minnkandi. Með skýrri stefnumótun finnskra stjórnvalda á grundvelli „housing first“ reglunnar (PAAVO 2008–2015) og öflugu samstarfi ríkis, sveitarfélaga, sjálfboðaliða og frjálsra félagasamtaka hafa þeir náð góðum árangri við að draga úr heimilisleysi. Sú regla byggir á þeirri hugmyndafræði að aðgangur að húsnæði séu grunnréttindi sem setja þarf í skýran forgang (top priority) og að öruggt þak yfir höfuðið, án skilyrða um að einstaklingur sé vímuefnalaus, auðveldi heimilislausum að einbeita sér að því að vinna á öðrum vanda sem glímt er við. Slíkt fyrirkomulag krefst mikillar eftirfylgni og þjónustu m.a. frá félagsþjónustu sveitarfélaga en skilar árangri og sparnaði að mati þeirra þjónustuaðila sem hafa fylgt reglunni eftir. Bent er á að í „housing first“ verkefni Óslóar fylgdi félagsráðgjafi borgarinnar hverjum einstaklingi eftir og bar ábyrgð á fimm einstaklingum í sjálfstæðri búsetu á hverjum tíma.

## Upplýsingar frá Frú Ragnheiði

Frú Ragnheiður - skaðaminnkun er verkefni rekið af Rauða krossinum í Reykjavík og hefur það markmið að ná til jaðarsetta hópa í samfélaginu eins og heimilislausra einstaklinga og einstaklinga sem nota vímuefni um æð. Frú Ragnheiður er sérinnréttaður bíll sem er á ferðinni á ákveðnum tímum á höfuðborgarsvæðinu sex kvöld í viku og veitir hjúkrunar- og nálaskiptaþjónustu fyrir heimilislausum einstaklinga og þá sem nota vímuefni í æð. Um 80% þeirra sem nýta Frú Ragnheiði nota vímuefni í æð, meirihluti þeirra er heimilislaus og hinn hlutinn í leiguhúsnæði. 20% þeirra sem leita til Frú Ragnheiðar koma vegna þess að þau eru heimilislaus.

Alls leituðu um 400 einstaklingar í Frú Ragnheiði árið 2017 og af þeim eru tæplega 100 undir þrítugu. Einstaklingar yngri en átján ára nýta sér ekki þjónustu Frú Ragnheiðar meðal annars vegna tilkynningarskyldu til barnaverndar, skv. upplýsingum Svölu Jóhannesdóttur, verkefnastýru Frú Ragnheiðar. 75% þeirra sem komu til Frú Ragnheiðar eru karlmenn en 25% konur. 80% af heimsóknum voru í nálaskiptaþjónustu (og aðra þjónustu) og 20% voru í aðra þjónustu, eins og heilbrigðisþjónustu, fá næringu, fá svefnpoka og tjaldþýnur, hlýjan fatnað eða ráðgjöf og sálrænan stuðning.

Að mati verkefnisstýru Frú Ragnheiðar, Svölu Jóhannesdóttur, sést munur milli ára. Í ár eru mun fleiri farnir að sofa úti sem gerir það að verkum að líkamlegu og andlegu ástandi hrakaði mikið. Þegar fólk lendir á götunni ýkjast öll neikvæð einkenni eins og af geðröskunum, andlegt ástand versnar mjög mikið, sjálfsvígshugsanir aukast og líkamlegir veikleikar verða meiri, eins og lungnabólga og alvarlegar sýkingar.

## Aðrar upplýsingar

Á sínum tíma var opið dagsetur fyrir utangarðsfólk á Grandanum á vegum Hjálpræðishersins, en rekstri var hætt í lok ágúst 2015 þegar þau misstu húsnæðið að Eyjaslóð. Í dag er Kaffistofa Samhjálpur opin á daginn og í Vin á Hverfisgötu hafa einstaklingar sótt sem treysta sér til þess að fara að húsreglum. Næturskýlin eru lokuð milli kl.10-17. Á daginn er því í nær engin hús að venda og veldur það álagi á einstaklingana, heilbrigðiskerfið og borgarsamfélagið.